

Starfsáætlun Reykhólaskóla

Grunnskóladeild

2025 til 2026



haust 2025
birt á heimasíðu skólans

Anna Margrét Tómasdóttir
Skólastjóri Reykhólaskóla

Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar um grunnskóladeild	3
Opnunartími	3
Forföll, veikindi og leyfi nemenda	3
Mötuneyti	4
Grunnskólinn í tölum	5
Skóladagatal	6
Uppbrotsdagar, skertir dagar og tvöfaldir dagar	6
Óveður	7
Skólaakstur	7
Klæðnaður og óskilamunir	8
Skólareglur	8
Stjórnskipulag skólans og skipurit	8
Starfsfólk skólans	8
Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild	9
Forföll kennara	9
Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins	10
Starfsþróun skólans	10
Móttaka nýrra starfsmanna	11
Nefndir og ráð	11
Mennta- og menningarmálanefnd 2022-2026	11
Foreldrafélag Reykhólaskóla	12
Skólaráð grunnskóla	12
Trúnaðarmenn og öryggisvörður	13
Nemendaverndarráð, farsældar- og forvarnarteymi	13
Innra matsteymi	14
Stoðþjónusta/nemendapjónusta	14
Sérkennsla við Reykhólaskóla	14
Aðgengi að skólaheilsugæslu	15
Aðgengi að sérfræðipjónustu	15
Námsráðgjöf og áhugasviðskönnun	16
Samskipti heimils og skóla	16
Mentor	16
Samskipti við kennara og starfsfólk skólans	16
Myndatökur, myndbirtingar og vinnsla myndefnis af skólastarfi	17
Heimsóknir í skólann	18
Samstarf foreldrafélagsins og skólans	18
Nemendur	19
Móttökuáætlun	19
Skipulag náms	19
Kannanir og skimanir	19
Námsgögn	19
Gæsla á skólalóð	20
Val nemenda	20
Nemendafélag	20
Fjáröflun skólaferðalaga á vegum foreldra og nemenda	20
Íþróttir og sund	21
Öryggi og velferð barna	21
Áfallaráð - Áfallaáætlun	22
Rýmingaráætlun Reykhólaskóla	22
Fristund, tómstundastarf og íþróttir	22
Starfsáætlun 2025-2026	22

Hagnýtar upplýsingar um grunnskóladeild

Heimilisfang: Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur

Heimasíða skólans: reykholaskoli.is

Netfang skólans: skolastjori@reykholar.is

Sími í Reykhólaskóla: 434 7731

Skólastjóri: Anna Margrét Tómasdóttir

Farsímanúmer: 861 2660

Deildarstjóri Reykhólaskóla og staðgengill skólastjóra: Kjartan Þór Ragnarsson

Opnunartími

Skóli hefst kl. 8:30, skóla lýkur kl. 14:40 á mánudögum, kl. 15:00 á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á föstudögum lýkur skóla kl. 12:00. Húsnæði grunnskóladeildar opnar kl. 8:00 fyrir nemendum og lokar kl. 16:00 mánudaga til fimmtudaga og kl. 13:00 á föstudögum. Tekið er á móti nemendum í skólaseli á morgnanna milli kl. 8:00-8:25.

Forföll, veikindi og leyfi nemenda

Forföll nemenda ber að tilkynna í skólaumsjónarkerfi Mentor (<https://www.infomentor.is/>) áður en kennsla hefst hvern skóladag. Ef ekki reynist unnt að tilkynna forföll nemenda á Mentor er hægt að hafa samband við skólann símleiðis í síma 434 7731 og velja 1 fyrir grunnskóla eða senda tölvupóst til umsjónarkennara. Almenn er þó ætlast til þess að forráðamenn tilkynni forföll nemenda beint inn á Mentor þar sem allar fjarvistir eru skráðar inn í skólaumsjónarkerfið og þar sem haldið er utan um þær.

Forráðamenn nemenda geta óskað eftir styttri leyfum hjá umsjónarkennara á Mentor og hafa umsjónarkennarar heimild til að samþykka fjarvistir nemenda vegna leyfa allt að tveimur dögum. Lengri fjarvistir vegna leyfa þarf að óska sérstaklega eftir og tilkynna með tölvupósti til skólastjóra á netfangið: skolastjori@reykholar.is. Foreldrum grunnskólabarna er sérstaklega bent á að reyna eftir fremsta megni að halda forföllum og leyfum í lágmarki. Ef misbrestur verður á veikindatilkynningum er lítið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Samkvæmt 19. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 bera foreldrar ábyrgð á því að börn þeirra sækja skóla. Umsjónarkennari fylgist með skólasókn nemenda og hefur samband við forráðamenn ef þurfa þykir. Langar fjarvistir nemenda frá skólastarfi hafa áhrif á námsframvindu þeirra og ber skólastjóra að vísa ófullnægjandi skólasókn nemenda eftir atvikum til fræðslu- og barnaverndaryfirvalda. Mörg sveitarfélög hafa sett sér verklagsreglur og viðmið um viðbrögð gagnvart lengri fjarvistum nemenda úr skóla. Reykhólahreppur hefur ekki sett fram slík viðmið en sökum skólaskyldu og áhrifa á nám barna þurfa skólastjórnendur að bregðast við með sambærilegu verklagi þótt nákvæm viðmið skorti.

Mikilvægt er að skoða hvert mál fyrir sig og meta stöðuna út frá stöðu hvers og eins og eiga í góðri samvinnu við heimilin. Skoða skal tilkynningar um leyfi og veikindi samhliða ótilkynntum fjarvistum síðustu þrjá skólamánuði þegar grunur um skólasóknarvanda vaknar og áætla viðbrögð út frá stöðu hvers og eins nemanda. Fjarvera nemenda úr skóla getur haft áhrif á líðan og velgengni þeirra bæði í námi og félagslega.

Rannsóknir hafa sýnt að allt að **9 dagar** úr skóla á þriggja mánaða tímabili geti verið viðunnandi fyrir námsframvindu nemanda en fari fjöldi fjarverudaga umfram slíkt geti það haft töluverð áhrif. Þau viðmið verklags og viðbragða við ófullnægjandi skólasókn sem almennt er stuðst við í grunnskólum landsins eru eftirfarandi. Fjarvistardagar á bilinu **10 – 19** á þriggja mánaða tímabili myndu leiða til fundar með foreldrum og eftir atvikum skólastjórnendum. Ef fjarverudagar úr skóla verða **20 eða fleiri** á þeim tíma þá getur það haft verulega áhrif á líðan og námsárangur nemenda og málið kæmi þá á borð nemendaverndarráðs. Ef fjarverudagar verða **fleiri en 30** bæri skólastjóra að tilkynna ófullnægjandi skólasókn nemanda til barnaverndaryfirvalda.

Mötuneyti

Nemendum Reykhólaskóla stendur til boða heitur matur í hádeginu alla virka daga skólaársins, fjölskyldum að kostnaðarlausu. Hádegismatur er matreiddur í eldhúsi skólans og tekur matseðillinn mið af leiðbeiningum Landlæknis um hollustu og næringu þar sem lagt er upp með að eldaður sé fyrir börnin hollur og fjölbreyttur matur sem unninn er úr góðu hráefni. Reykhólaskóli er einnig þátttakandi í verkefni Heilsueflandi grunnskóla í samstarfi við embætti Landlæknis þar sem áhersla er lögð á vinna að bættu matarræði, heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks. Öllum nemendum skólans er boðið upp á morgunmat milli kl. 8:00-8:25 á morgnanna, hádegismat og ávaxtahressingu á morgnanna og eftir hádegi. Matseðill Reykhólaskóla er birtur á heimasíðu skólans og uppfærður fyrir hvern mánuð.

Þótt skólamáltíðir séu gjaldfrjálsar í Reykhólaskóla er mikilvægt fyrir mötuneyti skólans að hafa yfirsýn til innkaupa og takmörkunar á matarsóun. Forráðamenn nemenda þurfa því í upphafi hvers skólaárs að skrá nemendur í mataráskrift eftir dögum vikunnar á sérstöku skráningareyðublaði mötuneytis þar sem einnig er óskað eftir því að forráðamenn upplýsi skólastjórnendur um ofnæmi eða óþol nemenda sé það til staðar. Ávallt er hægt að segja upp skráningu með skriflegri tilkynningu til skólans eða gera breytingu á mataráskrift nemanda með því að útfylla nýtt skráningareyðublað og koma því staðfestu til stjórnenda skólans.

Forráðamönnum er frjálst að senda nemendur með nesti í skólann og nemendum á elsta stigi er heimilt að fara af skólalóð og heim í hádegismat kjósi þeir svo. Nemendum á yngsta og miðstigi er óheimilt að fara af skólalóð í hádegismat en forráðamenn eldri nemenda á miðstigi geta óskað eftir því gagnvart skólastjóra og gert samkomulags þess efnis gagnvart skólanum.

Matreiðslumaður mötuneytis er Ólafur Örn Sigurðsson með netfangið: eldhus@reykholaskoli.is

Verðskrá: Verð fyrir skólamáltíð haustið 2025

Matur fyrir nemendur er gjaldfrjáls. Verð fyrir starfsmenn er mánaðargjald er Kr. 9.300.-, stakur hádegisverður er Kr. 560.

Grunnskólinn í tölum

Stöðugildi starfsfólk

Fjöldi stöðugilda í kennslu	Grunnskóladeild 4
Fjöldi stöðugilda í stjórnun	Grunnskóladeild 2
Fjöldi stöðugilda í nemendaþjónustu	1
Fjöldi stöðugilda í tónlistardeild	60% í haust
Kynjahlutföll í kennslu	100% konur
Stöðugildi stuðningsfulltrúa	1
Sérfræðingar stöðugildi	Aðkeyptir sérfræðingar á samningi við sveitarfélag.

Fjöldi nemenda eftir árgöngum

34 nemendur eru skráðir í grunnskóladeild við upphaf skólaárs 2025-2026

Bekkur	Árgangur	Fjöldi
1. bekkur	2019	3
2. bekkur	2018	3
3. bekkur	2017	5
4. bekkur	2016	4
5. bekkur	2015	2
6. bekkur	2014	2
7. bekkur	2013	6
8. bekkur	2012	3
9. bekkur	2011	3
10. bekkur	2010	3

Skóladagatal

Skóladagatal Reykhólaskóla er með hefðbundnu sniði samkvæmt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og er það unnið samkvæmt lögum og reglugerðum. Skólastjórnendur gera drög að dagatali sem lagt er fyrir kennarafund og kennarar hafa ákveðinn tíma til að koma með breytingartillögur. Lokaútgáfa er lögð fyrir kennarafund og skólaráð til umsagnar og samþykktar.

Skóladagar á skólaárinu skulu vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Skólasetning Reykhólaskóla var 21. ágúst síðastliðinn og skólaslit skólans samkvæmt skóladagatali verða 2. júní. Vetrarfrí á skólaárinu eru tvö, eitt á hvorri önn, í október og í febrúar. Jólafrí skólans er frá 23. desember til og með 4. janúar en þann 22. desember er starfsdagur kennara og tilheyrir sá dagur því jólafríi nemenda. Páskafrí er frá 30. mars til og með 6. apríl en þriðjudagurinn 7. apríl er tileinkaður starfsdegi kennara og fellur því undir páskafrí nemenda.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Starfsdagur

Óstarfsdagur

Starfsdagur

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla:

Reykhólaskóli

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 F Endumenntunadagur	1 M	1 M Hvernigsetning skóla	1 L	1 M Félagsdagurinn	1 F Hvernigsetning	1 S	1 S	1 M	1 F Hvernigsetning	1 M
2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 M	2 M	2 F	2 L	2 Þ
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 Þ	3 Þ	3 F	3 S	3 M
4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F
5 Þ	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 Þ	5 F
6 M	6 L	6 M	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L
7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 Þ	7 F	7 S
8 F	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M
9 L	9 Þ	Múldagurinn	9 S	9 Þ	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 Þ
10 S	10 M	10 F	10 M	10 L	10 Þ	10 F	10 F	10 M	10 S	10 M
11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 M	11 F	11 M	11 F
12 Þ	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 F	12 F	12 S	12 Þ	12 F
13 M	13 L	13 L	13 F	13 Þ	13 F	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L
14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L	14 Þ	14 F	14 S
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M
16 L	16 Þ	Dagur íslenskra náttúru	16 F	16 S	16 Þ	16 F	16 M	16 M	16 F	16 Þ
17 S	17 M	17 F	17 M	17 L	17 F	17 S	17 S	17 M	17 F	17 M
18 M	18 L	Húsnáðsferi	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 M	18 L	18 Þ	18 F
19 F	19 M	19 F	19 M	19 L	19 Þ	19 F	19 F	19 M	19 S	19 M
20 M	20 L	20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ
21 Þ	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 L	21 L	21 Þ	21 F	21 M
22 F	22 M	22 F	22 L	22 F	22 M	22 S	22 S	22 F	22 L	22 Þ
23 L	23 Þ	23 F	23 M	23 L	23 Þ	23 F	23 F	23 M	23 S	23 M
24 S	24 M	24 F	24 M	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 L	24 Þ
25 M	25 F	25 L	25 F	25 Þ	25 F	25 M	25 M	25 F	25 L	25 Þ
26 Þ	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F	26 M
27 M	27 L	27 F	27 M	27 L	27 Þ	27 F	27 F	27 M	27 S	27 M
28 F	28 M	28 F	28 M	28 L	28 Þ	28 F	28 F	28 M	28 L	28 Þ
29 F	29 M	29 F	29 M	29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M
30 L	30 Þ	30 F	30 M	30 F	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 F	30 M
31 S	31 M	31 F	31 M	31 L	31 Þ	31 F	31 F	31 M	31 S	31 M

(því, er óstaðfest dagsetning)

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu 180 lögbundnir skóladagar nemenda vera á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hljóðn af kjarasamningnum. Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Smelltu á myndina til að skoða skóladagatal 2025-2026 í fullri stærð á heimasíðu skólans.

Uppbrotsdagar, skertir dagar og tvöfaldir dagar

Á skólaárinu eru skilgreindir í skóladagatali dagar sem teljast ekki til hefðbundinna skóladaga og eru tileinkaðir tilteknum viðburðum skólans og geta verið ýmist lengdir eða styttrir. Á skólaári er heimilt að hafa allt að tíu uppbrotsdaga þar sem hefðbundið skólastarf er brotið upp. Á skóladagatali eru tilgreindir sex skipulagðir uppbrotsdagar merktir með gulu og má þar nefna haustferð skólans, umhverfisdag, skólaþing og vörðsstaðfestu. Til uppbrotsdaga teljast einnig tveir aðrir dagar merktir með rauðu á skóladagatali sem eru tvöfaldir en það eru árshátíð Reykhólaskóla og fullveldishátíð skólans.

Með þeim tvöföldu dögum eru uppbrotisdagar á skólaárinu alls tíu talsins. Á uppbrotisdögum er allur skólinn er að vinna að sama verkefninu þvert á aldur og kennsluskyldu starfsmanna

Auk uppbrotisdaga er einnig annað skipulagt uppbrot í skólastarfi sem varðar einstök stig skólans eða hluta nemenda og má þar nefna miðstigsleikana í Borgarnesi, íþróttarhátíð í Bolungarvík, skólabúðir, skólaferðalög og heimsóknir fyrirlesara. Nokkrum sinnum yfir veturinn koma gestakennarar í skólann eins og aðilar á vegum Listar fyrir alla, listafólk á vegum Púkans, barnamenningarhátíð Vestfjarða og danskennsla á vegum Jóns Péturs danskennara.

Á skólaárinu eru skertir dagar beint eftir jóla- og páskafrí, dagana 5. janúar og 8. apríl en þá hefst skóli kl. 10:00 í stað 8:30. Litlu jólin teljast almennt skertur dagur í Reykhólaskóla en ekki í ár því þau bera upp á föstudegi og fara nemendur heim kl. 12:30 þann dag. Þrír dagar eru skilgreindir sem tvöfaldir dagar á skólaárinu, þ.e. árshátíð og fullveldishátíð eins og áður hefur verið minnst á auk skólaslita skólans en skólaasetning er einnig skráð sem tvöfaldur dagur hjá kennurum. Fullveldishátíðin 27. nóvember og árshátíð skólans 26. mars teljast í senn tvöfaldir dagar, skertir dagar uppbrotisdagar þar sem nemendur fara heim fyrr en skóla á að ljúka og koma aftur í skólann seinni part dags og teljast því hvor um sig tveir skóladagar.

Óveður

Ef appelsínugul viðvörðun er fyrir svæðið þá fellur allt skólahald niður og er það tilkynnt með SMS til foreldra og með tölvupósti á Mentor. Ef gul viðvörðun er í gangi þá meta foreldrar hvort börn þeirra komi í skólann. Skólabílstjórar meta einnig eftir aðstæðum hvort fært er að sækja nemendur. Veður getur verið misjafnt eftir stöðum í sveitarfélaginu og ber foreldrum að meta hverju sinni hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann. Foreldrar barna í dreifbýli fylla út blað á hverju hausti þar sem kemur fram á hvaða heimili á Reykhólum er aðsetur barnsins ef sú staða kemur upp að skólabílar geti ekki keyrt heim að loknum skóla. Skólabílstjórar hafa samband við skólastjóra um leið og veðurhorfur eru orðnar slæmar. Skólabílstjórar eða skólastjóri hafa samband við foreldra ef þurfa þykir.

Ef skólinn er lokaður vegna veðurs er ekki ætlast til að nemendur séu í fjarnámi. Ef að skólinn er opinn en skólabílar komast ekki, þá er ætlast til að nemendur sinni fjarnámi í samráði við kennara þannig að kennsla þeirra falli ekki niður. Nemendur í 5.-10. bekk fara heim með chromebook tölvur ef veðurspá er slæm og verða í fjarnámi. Nemendur verða sendir heim með sérstök heimaverkefni á þeim tíma sem búast má við að færð og veður geti raskað eðlilegu skólastarfi. Kennarar hafa samband við nemendur hverju sinni í gegnum Google og kennsla þann daginn er skipulögð út frá stundatöflu nemenda. Ætlast er til að nemendur mæti í fjarnám samkvæmt stundaskrá og séu í samskiptum við kennara sína um fyrirkomulag dagsins.

Skólaakstur

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar. Heimilt er þó að flytja leikskólabörn með skólabílum ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Bílstjórnarnir eru Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Vilberg keyrir í Króksfjarðarnes og Þráinn keyrir í Gufudalssveit.

Akstursáætlun Reykhólaskóla Grunn- og leikskóladeild



Morgunferð	
+ Innsveit – Vilberg s:434-7772/863-2059	
Bær:	Klukkan:
Litla-Holt (2)	7:10
Gröustaðir (2)	7:25
Króksfjarðarnes (4)	7:35
Litla-Brekka (1)	7:40
Bakki (2)	7:45
Tindar (1)	7:55
Hríshóll (1)	8:05
Reykhólaskóli	8:25

Morgunferð:
Gufudalssveit - Þráinn s:434-7774/895-7774

Bær:	Klukkan:
Fremri-Gufudalur (3)	7:35
Fremri-Gufudalur (2)	7:40
Reykhólaskóli	8:25

Heimferð:
Mánudagar kl. 14:45
Þriðjudagar miðvikudagar og fimmtudagar kl. 15:05
Föstudagar kl. 12:15-20 (eftir hádegisverð)

Til að halda áætlun í morgunferð þurfa farþegar að vera tilbúnir til brottfarar þegar skólabíll kemur.

Skólabílar koma að skólanum um kl. 08:25 og fara frá skólanum í síðasta lagi um 5 mín eftir að skóla lýkur mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er boðið upp á hádegismat eftir skóla sem lýkur kl. 12:00 og fara nemendur heim þegar allir hafa borðað. Ef skólabíll á ekki að sækja nemanda af einhverjum ástæðum eða ef nemandi á að verða eftir á Reykhólum, þá er mjög mikilvægt að foreldrar/forráðamenn láti bílstjóra vita. Mikilvægt er að forráðamenn yngri nemenda á yngsta- og miðstigi hafi samband við skóla og eða bílstjóra ef nemendur eiga að verða eftir eða breyting verður á. Eldri nemendur á elsta stigi geta verið í beinum samskiptum við skólabílstjóra um slík mál. Vinsamlega látið bílstjóra vita tímanlega því oft fer mikill tími í að leita að einstaka nemanda á meðan aðrir bíða. Þráinn s: 434-7774 / 895-7774 - Vilberg s: 434-7772 / 863-2059. Akstursáætlunin er einnig birt á heimasíðu skólans.

Klæðnaður og óskilamunir

Foreldrar eru beðnir um að sjá til þess að börn þeirra séu klædd eftir veðri þar sem nemendur verja frímínútum sínum í útiveru auk þess sem hluti náms fer fram í útikennslu með kennurum. Mikilvægt er að nemendur hafi með sér auka föt og jafnvel ullarnærföt í tösku til að geta klætt sig vel þegar kalt er veðri. Gott er að merkja skó og fatnað. Óskilamunir eru í boxi í anddyri skólans og gerðir sýnilegir við flest tækifæri.

Skólareglur

Endurskoðun á þeim reglum fór síðast fram í október 2022. Unnið er að endurskoðun á skólareglum Reykhólaskóla skólaárið 2025-2026. Skólareglur Reykhólaskóla gilda fyrir alla aðila sem að skólastarfinu koma og alls staðar þar sem þeir eru á vegum skólans og gildandi skólareglur skólans má sjá [hér](#).

Stjórnskipulag skólans og skipurit

Von er á nýju skipuriti um áramót og starfsáætlun verður uppfærð eftir því.

Starfsfólk skólans

Anna Margrét Tómasdóttir	Skólastjóri	skolastjori@reykholar.is
Kjartan Þór Ragnarsson	Deildarstjóri Reykhólaskóla og tengiliður farsældar	kjartan@reykholaskoli.is
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekk	kolfinna@reykholaskoli.is
Svanborg Guðbjörnsdóttir (Lóa)	Umsjónarkennari 5.-7. bekk	loa@reykholaskoli.is
María Rós Valgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. bekkur	mariaros@reykholaskoli.is
Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Leiðbeinandi 8.-10. bekk	johannaosp@reykholaskoli.is
Hrefna Jónsdóttir	Leiðbeinandi 5-7. bekk og deildarstjóri Hólabæjar leikskóla	hrefna@reykholaskoli.is

Sandra Rún Björnsdóttir	Iðjuþjálfari, sérkennsla og fagaðili á yngsta stigi 1.-4. bekk	sandra@reykholaskoli.is
Sunneva Hlynisdóttir	Stuðningsfulltrúi yngsta stigi	
Borghildur Eiríksdóttir	Stuðningsfulltrúi	
Aron Freyr Hill	Skólaliði	
Ólafur Örn Sigurðarson	Matreiðslumaður	eldhus@reykholaskoll.is
Dísa Sverrisdóttir	Umsjón með bókasafni	disa@reykholaskoli.is
Þorleifur J. Guðjónsson	Tónlistarkennari	tonlist@reykholaskoli.is
Vilberg Þráinsson	Bílstjóri	katlatr@visir.is
Þráinn Hjálmarsson	Bílstjóri	kletturr@simnet.is

Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild

Kennarar og leiðbeinendur grunnskóladeildar eru með fasta vikulega viðtalstíma sem hægt er að bóka á Mentor eða með því að senda tölvupóst á viðkomandi kennara eða leiðbeinanda. Viðtalstímarnir eru skráðir á Mentor og eru einnig birtir í töflunni hér að neðan. Viðtöl við stjórnendur eða aðra starfsmenn skólans er hægt að bóka eftir samkomulagi með tölvupósti.

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir	Umsjónarkennari 8.-10. bekk	Þriðjudagar kl. 11:20-12:00
Svanborg Guðbjörnsdóttir (Lóa)	Umsjónarkennari 5.-7. bekkur	Miðvikudagar kl. 10:40-11:20
María Rós Valgeirsdóttir	Umsjónarkennari 1.-4. Bekkur	Fimmtudagar kl. 15:00-15:40
Jóhanna Ösp Einarsdóttir	Leiðbeinandi 8.-10. bekk	Miðvikudagar kl. 11:20-12:00
Hrefna Jónsdóttir	Leiðbeinandi 5.-7. bekk og deildarstjóri Hólabæjar leikskóla	Mánudagar kl. 12:30-13:10

Forföll kennara

Ef kennari fer í leyfi undirbýr hann kennsluáætlun fyrir staðgengil sinn. Ef kennari veikist eða af öðrum orsökum getur ekki undirbúið kennslu má staðgengill hans ráðstafa tímanum með öðrum hætti.

Í forföllum kennara er bilið brúað með fagaðila eða öðrum kennurum skólans. Ef kennarar eða fagaðilar eru uppteknir í kennslu eða geta ekki sinnt forföllum af öðrum ástæðum, hafa aðrir starfsmenn skólans umsjón með bekknum.

Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins

Yfir skólaárið eru haldnir reglulegir fundir kennarar og starfsmanna auk funda í ýmsum nefndum, teyllum og ráðum á vegum skólans. Hér eftirfarandi er yfirlit yfir skipulagða fundi skólaársins:

- **Starfsmannafundir** eru að jafnaði haldnir á sameiginlegum starfsdögum Reykhólaskóla.
- **Kennarafundir** eru að jafnaði haldnir aðra hvora viku á þriðjudögum kl. 15:00 - 16:00.
- **Yngsta stigsteymi** fundar á fimmtudögum kl. 15:00.
- **Miðstigs stigsteymi** fundar annan hvern mánudag kl. 15:00 og þriðjudaga kl. 8:00-8:30
- **Elsta stigsteymi** fundar annan hvern mánudag kl. 15:30 og þriðjudaga kl. 8:00-8:30
- **Lausnaleitarfundir á yngsta stigi** eru annan hvern fimmtudag frá kl. 15:30-16:00 með skólastjóra.
- **Lausnaleitarfundir á mið - og elsta stigi** eru haldnir annan hvern mánudag kl. 15:00.
- **Deildarstjóri Reykhólaskóla og skólastjóri** eiga reglulega vikufundi á mánudögum kl 10:00.
- **Skólastjóri og deildarstjóri leikskóla** hittast vikulega.
- **Deildastjórar leikskóla** funda vikulega.
- **Nemendaverndarráð** skóland fundar fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 13:00.
- **Stýrihópur heilsueflandi grunn- og leikskóla** fundar annan mánudag í hverjum mánuði kl 15:00.
- **Skólaráð** fundar a.m.k.fjórum sinnum á ári, tvisvar á hvorri.
- **Félagstengslafundir** eru haldnir tvisvar á önn, þar sem eru forstöðumaður frístundar- og tómstundastarf fundar ásamt umsjónarkennurum og fagaðilum ræða málin.
- Skólastjóri situr mánaðarlega samstarfsfundi með forstöðumönnum stofnanna á Reykhólum.
- Skólastjórar samstarfsskóla Vesturlands hittast fimm sinnum á vetri.
- Skólastjórar Vestfjarða hittast af og til, oftast á netfundum.

Fundaráætlun vetrarins verður birt á heimasíðu skólans þegar hún verður tilbúin.

Starfsþróun skólans

Í Reykhólaskóla er [leiðsagnarnám](#) haft að leiðarljósi við nám og kennslu en það snýst um að veita nemandanum leiðsögn sem hjálpar honum til að ná þeim markmiðum sem hann stefnir að. Síðustu ár hefur skólinn innleitt leiðsagnarnámið og er aðaláherslan á þann þátt í starfsþróunaráætlun skólans. Síðan 2021 hefur verið unnið að innleiðingu [laga um sambættingu þjónustu í þágu farsælda barna nr. 86/2021](#) og er áhersla skólaársins í starfsþróun á innleiðingu þess m.t.t. til fræðslu starfsmanna.

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans sem er leiðsagnarnám og farsæld barna og lögbundinni skyldu kennara. Hins vegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni. Stundir kennara til símenntunar og starfsþróunar eru 102 tímar á ári samkvæmt kjarasamningi kennara. Reiknað er með að hluti af þeim tímum séu teknir yfir sumartíma og fyrir og eftir sumarfríi kennara. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á starfsþróun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að starfsþróun sé sinnt og heldur utan um starfsþróun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá sig á námskeið sem tengjast starfi þeirra og fylla út starfsþróunaráætlun og gera grein fyrir áformum sínum í símenntunar í starfsþróunarsamtali.

Símenntun/starfsþróun getur meðal annars falist í:

- Menntafléttu Háskólans og námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu og lestur fagbóka og fagsíðna
- Formlegt framhaldsnám
- Heimsóknir í aðra skóla

Kennurum býðst að taka þátt í [Menntafléttunni](#) á vegum Háskóla Íslands, en þar eru mörg áhugaverð námskeið í boði. Einnig koma upp ýmis námskeið á skólaárinu sem kennarar eru duglegir að nýta sér.

Áætluð námskeið starfsmanna 2025-2026:

- Námskeið um farsæld barna
- Námskeið um einhverfu
- Námskeið um snemmtæka íhlutun
- Námskeið tengd heilsueflandi skóla
- Skyndihjálparnámskeið, haldið annað hvert ár, var síðast í apríl 2025

Móttaka nýrra starfsmanna

Mikilvægt er að taka vel á móti nýju starfsfólki. Tilgangurinn með [móttökuáætlun](#) er að kynna fyrir nýjum starfsmönnum mikilvæg atriði í skólastarfinu og auðvelda þeim að aðlagast nýjum vinnustað. Skólastjóri er ábyrgur fyrir að farið sé yfir þau atriði sem við eiga með nýjum starfsmanni.

Móttökuáætlun er mikilvægur þáttur í starfsmannastefnu Reykhólaskóla og er endurskoðuð reglulega.

Nefndir og ráð

Í 6. gr grunnskólalaga er kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps er skólanefnd sveitarfélagsins og ber að starfa eftir lögum og reglum um skólanefndir. Líkt og fram kemur í 6. gr grunnskólalaga skulu skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils. Fundargerðir má lesa [hér](#).

Mennta- og menningarmálanefnd 2022-2026

Aðalmenn mennta- og menningarmálanefndar 2022-2026 eru:

- Vilberg Þráinsson, formaður
- Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
- Steinunn Ólafía Rasmus

Áheyrnarfulltrúar eru:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri
- Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir fh. kennara grunnskólans
- Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna á leikskóla
- Marie-Susann Zeise, tómstundafulltrúi
- Krístrún Lind Birgisdóttir, skólastjóri Ásgarðsskóla
- Hafrós Huld Einarsdóttir fh. foreldrafélagsins

Foreldrafélag Reykhólaskóla

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal starfa foreldrafélag við alla grunnskóla landsins.

9. gr. Foreldrafélag.

Við grunnskóla skal starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð [og farsæld] nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla.

Í stjórn foreldrafélags Reykhólaskóla eru:

- Embla Bachmann, formaður
- Hafrós Huld Einarsdóttir
- Sigríður Ísleifsdóttir

Starfsáætlun foreldrafélagsins má finna hér  Foreldrafélag Reykhólaskóla

Skólaráð grunnskóla

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra. [Hér](#) er að finna reglugerð og [handbók](#) um skólaráð.

Skólaráð Reykhólaskóla er sameiginlegt fyrir leik- og grunnskólastig Reykhólaskóla. Ráðið skal skipað níu aðilum sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Ákveðið var að helmingur ráðsins endurnýist á ári hverju og helmingur sitji áfram með nýjum fulltrúum.

Skólaráð Reykhólaskóla skólaárið 2025-2026 skipa:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
- Íris Ósk Sigþórsdóttir, fulltrúi leikskólans
- María Rós Valgeirsdóttir, fulltrúi kennara
- Kjartan Þór Ragnarsson, fulltrúi starfsmanna
- Ólafía Sigurvinsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
- Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir, fulltrúi nemenda
- Bryndís Marí Ólafsdóttir, fulltrúi nemenda
- Agnieszka Anna M Kowalczyk, fulltrúi foreldra grunnskólans
- Embla Bachmann, fulltrúi foreldra leikskólans

Varamenn skólaráðs eru:

- Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, varafulltrúi kennara
- Sigríður Ísleifsdóttir, varafulltrúi foreldra grunnskólans
- Hafrós Huld Einarsdóttir, varafulltrúi foreldra leikskólans
- Ingólfur Birkir Eiríksson varafulltrúi nemenda

Funda- og starfsáætlun skólaráðs 2025-2026:

Október. Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir.

Starfsáætlun skólans, námsvísir, skóladagatal og reglur skólans ræddar.

Nóvember. Samstarf heimilis og skóla, líðan og velferð nemenda, stefnur skólans kynntar, skólareglur og símareglur samþykktar. Umræður um fyrirkomulag skólaþings.

Mars. Opinn fundur skólaráðs. Samstarf við grenndarsamfélagið. Skóladagatal og fyrirkomulag næsta skólaárs. Starfsemi foreldrafélagsins kynnt. Niðurstöður skólaþings. Önnur auglýst dagskráratriði.

Maí. Ráðningar starfsmanna. Mat á starfsáætlun ársins, innra mats skýrsla - drög. Önnur auglýst dagskráratriði.

Hér er fundaráætlun og fundargerð skólaráðs

 25-26 Skólaráð - Reykhólaskóli leik- og grunnskóli 2025-2026

Trúnaðarmenn og öryggisvörður

Trúnaðarmaður kennara er Hrefna Jónsdóttir og annarra starfsmanna er Íris Ósk Sigurpórsdóttir.

Öryggistrúnaðarmaður er Kjartan Þór Ragnarsson og öryggisvörður er Anna Margrét Tómasdóttir. Stefnt er á því að vinna áhættumat út frá vinnuumhverfissvísunum vorið 2026.

Nemendaverndarráð, farsældar- og forvarnarteymi

Nemendaverndarráð Reykhólaskóla starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í nemendaverndarráði sitja skólastjórnendur, skólahjúkrunarfræðingur og félagsmálafulltrúi. Hægt er að kalla skólasálfræðing skólans og sérfræðinga á vegum Ásgarðs inn á fundi nemendaverndarráðs ef þurfa þykir. Allar umsóknir um stoðþjónustu nemenda og/eða nemendahópa þurfa að fara í gegnum nemendaverndarráð sem fer yfir og metur umsóknir og kemur erindum í farveg. Umsjónarkennari, námsráðgjafi og/eða foreldrar sækja um aðstoð ráðsins á sérstöku eyðublaði og þurfa foreldrar alltaf að vera upplýstir ef mál barnsins þeirra fer fyrir ráðið. Fundargerðir eru trúnaðarmál og öll gögn ráðsins eru geymd í læstum skjalaskápum.

Í nemendaverndarráði Reykhólaskóla 2025-2026 sitja:

- Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri og fulltrúi nemendapjónustu
- Kjartan Þór Ragnarsson, tengiliður farsældar og deildarstjóri Reykhólaskóla
- Hlíf Hrólfssdóttir, félagsmálastjóri
- Þórunn Björk Einarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
-

Hér er hægt að kynna sér starfsáætlun og starfshætti ráðsins:

 Nemendaverndarráð starfsáætlun og starfshættir

Nemendaverndarráð skólans er jafnframt farsældarteymi skólans og fylgir því eftir innleiðingu laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Nemendaverndarráð gegnir einnig hlutverki forvarnarteymis skólans sem starfar samkvæmt forvarnaráætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hér er hægt að kynna sér nánar málefni farsældar barna í Reykhólaskóla:

 Farsæld í Reykhólaskóla

Stefna um viðbrögð og vinnuferli starfsfólks skóla við samskiptavanda, líkamlegu og andlegu ofbeldi/einelti nemenda var endurskoðuð haustið 2024 og hægt er að kynna sér hana hér:

 Stefna, viðbrögð og vinnuferli starfsfólks skóla við samskiptavanda, líkamlegu og andlegu ofbeldi/...

Innra matsteymi

Í skólanum er virkt innra mat sem innra matsteymi hefur umsjón með. Viðfangsefni innra mats er í samræmi við stefnu og markmið skólans varðandi nám og kennslu, uppeldis- og menntastarf, stjórnun, skólabrag, innra mat og foreldrasamstarf og sérstaka viðburði skv. skóladagatali. Matsþættirnir eru metnir samkvæmt áætlun til fimm ára þar sem sumir þættir eru metnir árlega en aðrir þættir annað hvert ár eða sjaldnar. Við mat á hverjum áhersluþætti fyrir sig er stuðst við gæðaviðmið um leik- og grunnskólastarf og skólastefnu sveitarfélagsins. Hér að neðan er hlekkur á langtíma- og ársáætlun innra mat: [Reykhólaskóli- Innra mat 2022-2026](#). Nánar um innra mat má lesa á heimasíðu skólans.

Matsteymi innra mats skólaárið 2025-2026 skipa:

- Anna Margrét Tómasdóttir fh. skóla
- Kjartan Þór Ragnarsson fh. skóla
- Íris Ósk Sigþórsd. fh leikskóla
- Hrefna Jónsdóttir fh. kennara
- Formaður foreldrafélags Reykhólaskóla fh. foreldra er kallaður inn þegar fara á yfir það sem viðkemur samstarfi heimilis og skóla.
- Nemendur í skólaráði fyrir hönd nemenda, eru kallaðar inn þegar fara á yfir það sem viðkemur nemendum og aðferðum, úrvinnslu og umbótum.

Stoðþjónusta/nemendapjónusta

Sérkennsla við Reykhólaskóla

Skipulag sérkennslu er unnið í samráði skólastjórnenda, umsjónarkennara og iðjupjálfa, sem bera ábyrgð á daglegu starfi sérkennslu. Stuðningsfulltrúar starfa ýmist inni í bekkjum eða með smærri hópum utan bekkjar eftir því hvað hentar hverjum nemanda hvað best. Stundatafla iðjupálfa og stuðningsfulltrúa getur breyst yfir veturinn til að mæta sem best þörfum nemenda.

Markmið sérkennslu

Meginmarkmið sérkennslu er að styðja við alhliða þroska og nám nemenda. Unnið er út frá jákvæðu viðmóti og virðingu fyrir einstaklingnum og eru verkefni aðlöguð getu og þörfum hvers nemanda. Sérkennslan byggir á niðurstöðum greininga frá sérfræðingum, námsmati og faglegu mati kennara. Sérkennsla beinist fyrst og fremst að nemendum sem þurfa aukinn stuðning í lestri, íslensku og stærðfræði. Í sumum tilvikum er gerð einstaklingsnámskrá með skýr námsmarkmið. Í öðrum tilvikum fylgja nemendur almennri bekkjarnámskrá en fá tímabundna þjálfun. Þegar markmiðum með sérkennslu nemanda er náð lýkur úrræði sérkennslu og nemendur útskrifast.

Umsóknir um sérkennslu

Umsjónarkennari getur í samráði við foreldra sótt um sérkennslu fyrir nemanda ef frávík í námi eða þroska gefa tilefni til. Umsóknir eru sendar til stjórnenda á þar til gerðu eyðublaði. Stjórnendur meta í samráði við sérfræðinga og nemendaverndarráð hvort og hvaða sérúrræði eða stuðningur henti nemandanum. Enginn nemandi fer í sérkennslu eða sérúrræði án formlegrar umsóknar. Allar umsóknir og niðurstöður eru trúnaðarmál.

Nemendur með íslensku sem annað mál (ÍSAT)

Nemendur sem þurfa kennslu í íslensku sem öðru máli (ÍSAT) fá íslenskukennslu hjá kennara nokkrum sinnum í viku. Kennslan fer fram ýmist inni í bekk eða utan bekkjar eftir því hvað hentar hverjum nemanda best. Kennslan fer fram samkvæmt viðmiðum sveitarfélags og aðalnámskrár og miðast við færni hvers nemanda. Aðrir kennarar aðlaga verkefni og námsmat að tungumálakunnáttu nemenda til að tryggja sem besta þátttöku þeirra í námi.

Nemendur sem falla undir formleg viðmið sveitarfélagsins en hafa ekki náð fullnægjandi færni í íslensku fá að hluta til stuðning hjá sérkennara.

Millimálapróf er lagt fyrir ÍSAT nemendur sem hafa verið á Íslandi í meira en tvö ár, auk íslenskra barna sem hafa búið erlendis fimm ár eða lengur. Prófið er lagt fyrir í 1., 4., 7. og 9. bekk og niðurstöður nýttar í kennslu.

Hlutverk stuðningsfulltrúa

Stuðningsfulltrúar aðstoða kennara við að styðja nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð. Þeir starfa samkvæmt áætlun sem gerð er af umsjónarkennara í samráði við stjórnendur, iðjuþjálfara og aðra sérfræðinga eftir þörfum.

Markmið starfsins er að efla færni og sjálfstæði nemenda og draga smám saman úr stuðningsþörf þeirra þegar það á við.

Aðgengi að skólaheilsugæslu

Heilsugæslu í Reykhólaskóla er sinnt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Hér er hægt að skoða um heilsuvernd hjá [Heilsuveru](#)

- Skólahjúkrunarfræðingur Reykhólaskóla skólaárið 2025-2026 er Þórunn Björk Einarsdóttir búsett í Búðardal. Forráðamönnum er bent á að hafa samband við hana á netfangið thorunn.b.einarsdottir@hve.is og mun hún svara eftir bestu getu. Hjúkrunarfræðingur sinnir og skráir bólusetningar eins og við á hverju sinni, ásamt því að hafa eftirlit með skráningum á heilsufari nemenda.
- Viðvera í Reykhólaskóla verður eftir samkomulagi og í tengslum við fyrirfram ákveðna fræðslu og heimsóknir hjúkrunafræðings.

Aðgengi að sérfræðiþjónustu

- Skólasálfræðingur Reykhólaskóla er Magnús Baldursson og kemur hann reglulega yfir skólaárið. Verksvið skólasálfræðings er að veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf vegna erfiðleika nemenda. Foreldrar geta leitað til tengiliðs farsældar eða umsjónarkennara ef þeir óska eftir aðkomu skólasálfræðings. Sjá nánar verkferla hér að ofan undir nemendaverndarráð.

- Reykhólaskóli nýtur þjónustu talmeinafræðinga hjá Tröppu talþjálfun. Þjálfunin fer að mestu fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Kara connect þar sem starfsmaður nemendabjónustu situr tíma með barni og fylgir eftir þjálfuninni í daglegu starfi og er í samskiptum við foreldra. Talmeinafræðingar sem sinna Reykhólaskóla eru Tinna Sigurðardóttir og Lilja Helgadóttir sem starfa báðar hjá Tröppu. Foreldrum er bent á að hafa samband við umsjónarkennara eða tengilið farsældar ef þeir telja þörf á talþjálfun.
- Starfsfólk skólans hefur aðgengi að sérfræðingum úr starfsmannahópi Ásgarðs, sjá hér nánar: [Starfsfólk Ásgarðs](#). Ráðgjafar á vegum Ásgarðs sjá einnig um stuðning við framkvæmd menntastefnunnar, kennsluráðgjöf og þann stuðning sem stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk telur sig þurfa hverju sinni.

Námsráðgjöf og áhugasviðskönnun

- Kjartan Þór Ragnarsson sinnir námsráðgjöf við elsta stig í vetur. Ágústa Ýr Sveinsdóttir, markþjálfari og verkefnastjóri, tekur viðtöl við elstu nemendur og leggur fyrir nemendur 10. bekkjar áhugasviðskönnun, sem hún fer síðan yfir með þeim og veitir ráðgjöf um val á framhaldsskóla.

Samskipti heimils og skóla

Góð og örugg samskipti heimila og skóla eru lykilatriði varðandi nám og velferð barna í grunnskóla. Mikilvægt er fyrir báða aðila að skýr viðmið séu um hvernig þeim samskiptum er háttað og hvernig upplýsingum er miðlað milli aðila. Velferð nemenda er höfð að leiðarljósi um leið og þess er gætt að samskiptin hafi ekki truflandi áhrif á nám og kennslu. Við leggjum áherslu á persónuleg samskipti og geta foreldrar haft samband við skólann hvenær sem er á opnunartíma skólans. Reykhólaskóli heldur úti heimasíðu sem er sett upp með það að markmiði að gagnast foreldrum, nemendum og öðrum sem best við að finna upplýsingar um skólann og skólaastarf.

Mentor

Reykhólaskóli notar fjölskylduvefinn www.mentor.is til þess að halda utan um upplýsingar um nemendur og ástundun. Námsleg staða nemenda birtist einnig í Mentor ásamt atvikaskráningu. Starfsmenn skólans nota upplýsingaveituna á Mentor til að koma skilaboðum til forráðamanna þar sem finna má dagatal þar sem helstu viðburðir eru merktir inn ásamt fréttasíðu þar sem helstu upplýsingar eru birtar hverju sinni. Forráðamenn bera sjálfir ábyrgð á að fylgjast með upplýsingaveitunni.

Skólastjóri sendir upplýsingar og tilkynningar til foreldra og nemenda í gegnum Mentor þegar við á. Umsjónarkennarar hafa einnig samband við foreldra í gegnum Mentor þegar þurfa þykir, hvort sem það er vegna persónulegra mála nemenda eða til almennra upplýsinga um viðfangsefni skólans. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra ef ástundun er ábótavant.

Samskipti við kennara og starfsfólk skólans

Umsjónarkennarar og foreldrar/forsjáaraðilar eiga í reglulegum samskiptum sín á milli og fer stór hluti þeirra fram í tölvupósti eða í síma. Foreldrar geta bókað viðtal við kennara og leiðbeinendur á föstum viðtalstímum á Mentor eða komið skilaboðum til kennara í gegnum símanúmer skólans eða með tölvupósti. Foreldrar eru beðnir um að hafa ekki samband við kennara í persónuleg símanúmer þeirra. Ekki er gert ráð fyrir því að kennarar svari síma eða tölvupósti í kennslustundum. Tölvupóstur er

eingöngu notaður til þess að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Viðkvæm, persónuleg mál eiga ekki erindi í tölvupóst. Ef foreldrar þurfa að ná í börn sín á skólatíma er haft samband í símanúmer skólans og viðkomandi sér um að koma upplýsingum til nemanda. Börnum er óheimilt að svara síma á skólatíma og því er ekki gert ráð fyrir að foreldrar hringi beint í börnin þótt þau séu með síma í töskunni.

Nemendastýrð viðtöl og foreldrafundir

Foreldrar og nemendur eru boðaðir í formleg samtöl hjá umsjónarkennara tvisvar á skólaárinu, annars vegar í október og hins vegar í febrúar.

Október:

Í október fara fram nemendastýrð samtöl þar sem nemendur taka virkan þátt í umræðum um eigið nám og líðan. Samtölin gefa tækifæri til að ræða heildstæða stöðu nemandans, bæði námslega og félagslega. Kennarinn fær jafnframt tækifæri til að hrósa og hvetja, eða fara yfir atriði sem betur má fara í hegðun og ástundun.

Febrúar:

Í febrúar er lögð áhersla á að fara yfir námsárangur nemandans á miðjum vetri. Rætt er um líðan, frammistöðu og framvindu náms. Kennari hrósar og hvetur nemandann, og unnið er með markmið og áætlanir til úrbóta þar sem þörf er á. Til grundvallar liggur námsmat haustannar.

Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig tiltækir til viðtals ef óskað er eftir því.

Fyrir utan þessi tvö formlegu samtöl geta foreldrar óskað eftir viðtali við umsjónarkennara og leiðbeindur í kennslu á tilgreindum viðtalstímum þeirra í Mentor og vísað var til hér áður.

Myndatökur, myndbirtingar og vinnsla myndefnis af skólastarfi

Myndatökur og myndbirtingar af nemendum og skólastarfi Reykhólaskóla eru ávallt háð samþykki forráðamanna og nemenda. Reykhólaskóli leggur fyrir forráðamenn samþykkiseyðublað um myndbirtingar, myndbandsupptökur og vinnslu myndefnis, m.a. til birtingar á heimasíðu skólans, á Mentor og í húsnæði skólans þar sem forráðamenn taka afstöðu til slíks í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Samþykkisblöð forráðamanna um myndatökur, myndbirtingar og vinnslu eru ávallt höfð til hliðsjónar við myndatökur og myndbirtingar af nemendum og skólastarfi.

Við Reykhólaskóla gilda þær reglur að myndatökur eru eingöngu heimilaðar með tækjum í eigu skólans og starfsmönnum er óheimilt að mynda nemendur á tæki í persónulegri eigu. Þrátt fyrir samþykki forráðamanna fyrir myndatökum og myndbirtingum eru nemendur ávallt spurðir um afstöðu sína til slíks og er vilji þeirra virtur án undantekninga. Ávallt er gætt virðingar við nemendur við myndatökur og birtingar og ekkert efni birt sem gæti sýnt nemanda á vanvirðandi eða meiðandi hátt. Allar myndir og myndbönd sem tekin eru á vegum starfsmanna eru geymd í Google gagnageymsludrifi skólans. Forráðamönnum er ávallt heimilt að afturkalla með skriflegum hætti eða breyta samþykki til myndbirtinga og vinnslu á þar til gerðu eyðublaði til skólans.

Reykhólaskóli er ekki virkur á samfélagsmiðlum og birtir engar myndir eða myndbönd á slíkum miðlum líkt og facebook. Myndbirtingar á vegum skólans af skólastarfi eru nú eingöngu heimilar á heimasíðu skólans, heimasíðu Reykhólahrepps, á Mentor, í skólahúsnæði og í kynningarefni á vegum

Reykholaskola og er heimild til slíks háð samþykki forráðamanna samkvæmt samþykkisblaði þar að lútandi.

Ef um sérstök tilefni er að ræða er varða myndatökur og/eða myndbirtingar utan hefðbundins skólastarfs á vegum skólans verða forráðamenn sérstaklega beðnir um að undirrita upplýst samþykki til slíks af hálfu skólastjóra.

Google síður umsjónarkennara

Umsjónarkennari yngsta stigs er með Google síðu fyrir hvern nemanda þar sem hún setur allar upplýsingar sem tengjast nemandanum og skólastarfinu. Einnig er yngsta stig með sameiginlega Google síða þar sem birtar eru myndir þar sem fleiri en einn nemandi er í forgrunni. Google síður eru gjarnan notaðir í þemavinnu innan skólans og frístundar/tómstundastarfs. Á slíkum síðum er upplýsingar um verkefni nemenda, viðkomandi þemavinnu og fréttæfni þar sem ýmist kennarar og nemendur birta efni. Í þessu tilefni má nefna jólatotuna okkar og vorþema. Nemendafélagið er með facebook síðu þar sem heitir Fjáröflun unglíngadeildar Reykhólaskóla. Þar eru samskipti skóla og elstastigs um fjáröflun nemendafélagsins. Allar birtingar myndefnis á ofangreindum síðum eru ávallt háðar samþykki forráðamanna samkvæmt undirrituðu samþykkiseyðublaði þess efnis auk samþykkis nemenda sjálfra.

Heimsóknir í skólann

Starfsfólk Reykhólaskóla hvetur foreldra og forráðamenn að kynna sér daglegt starf nemenda í skólanum en heimsóknir í skóla skulu ávallt vera í samráði við umsjónarkennara eða skólastjórnendur. Þeir sem eiga erindi í skólann eru ávallt beðnir um að gefa sig fyrst fram við skólastjóra eða deildarstjóra grunnskóla og gera grein fyrir sér og erindi sínu.

Allir gestir eru minntir á að sýna virðingu og gæta þagmælsku um það sem þeir kunna að heyra eða sjá á meðan á heimsókninni stendur. Það er ávallt á ábyrgð hvers og eins hvað hann segir og brýnt að draga ekki ályktanir af stuttri heimsókn eða upplifun.

Yfir skólaárið er foreldrum og forráðamönnum einnig boðið sérstaklega í skólann á nemendakynningar þegar við á og má þar nefna kynningar nemenda við lok þemaverkefna. Einnig eru haldin árleg skólaping í skólanum þar sem foreldrar, forráðamenn og nemendur taka virkan þátt saman ásamt kennurum og starfsmönnum skólans.

Samstarf foreldrafélagsins og skólans

Í skólanum er löng hefð fyrir því að halda fullveldishátíð í kringum 1. desember og halda myndarlega árshátíð. Þessi verkefni eru samstarfs skólans og foreldrafélagsins. Skólinn sér um að skipuleggja og halda utan um framkvæmd hátíðanna og atriði á sviði, en foreldrar sjá um veitingar á hlaðborð og standa vaktina báða dagana. Hátíðarnar eru vel sóttar af fjölskyldum nemenda og öðrum íbúum sveitarfélagsins. Þá sér foreldrafélagið um jólaviðburð og öskudagsskemmtun. Reynt er að fara annað hvert ár í menningarferð til Reykjavíkur með nemendur leik- og grunnskóla. Það hefur verið farið á Árbæjarsafnið, Þjóðminjasafnið, á skauta, út að borða og í leikhús. Stefnt er að leikhúsferð á skólaárinu.

Starfsáætlun foreldrafélagsins

Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Áætlun um samskipti endurskoðuð og kynnt		Aðalfundur Foreldrafræðsla	Jólaviðburður	Fullveldishátíð
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai/júní
Fundur með skólastjóra	Öskudagur	Menningarferð annað hvert ár	Páskagleði Árshátíð	

Nemendur

Skólahald hófst 21. ágúst og skólaslit eru 2. júní. Stundatafla nemenda er inn á Mentor. Nokkrum sinnum er uppbrot í starfi skólans sem kemur ekki fram á skóladagatali, má nefna vinnu tengda fullveldishátíð og árshátíð. Vettvangsferðir eru á vorin og skólaferðalög eru almennt á vorin. Nemendur fara í skólabúðir í 9. bekk í Vindáshlíð í haust og nemendur í 6.-8. bekk fara í skólabúðir á Reykjum á sama tíma. Þau eru samheldin hópur þvert á aldur og vinna mikið saman í öllum verkefnum í skólanum. Jón Pétur kemur í mars ár hvert með danskennslu. Nemendur skólans fara í skiðferðir í febrúar. Þá detta oft skemmtilegir viðburðir og uppbrot inn, eins og Einar Mikael með jólabréfin og sleðann, verkefni tengd barnamenningarhátíð og fjölbreyttir gestafyrirlesarar.

Móttökuáætlun

Vorði 2025 var móttökuáætlun skólans uppfærð og nær núna til allra nemenda frá leikskóla til lok 10. bekkjar. Hér má kynna sér móttökuáætlun skólans: [Móttaka nýrra nemenda í Reykhólaskóla](#)

Skipulag náms

Samkenndsla er við Reykhólaskóla. Skólinn skiptist í þrjá námshópa eftir stigum; 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Stundatöflur og aðrar upplýsingar um nemendur eru að finna á Mentor og eru aðgengilegar foreldrum og aðstandendum. Forráðamenn geta fylgst með námsframvindu á Mentor. Skipulag náms birtist í námsvísi skólans sem má skoða [hér](#). Ítarlegri upplýsingar um fyrirkomulag náms og kennslu er að finna hjá kennurum og kennsluáætlanir eru birtar inn á Mentor.

Kannanir og skimanir

Skimunaráætlun er uppfærð á hverju hausti. Skimunaráætlunina er að finna [hér](#). Yfirlit yfir skimanir og próf varðandi læsi er að finna [hér](#). Námsmatsstefna grunnskólastigs var uppfærð vorið 2025 og má lesa [hér](#).

Námsgögn

Reykhólaskóli sér nemendum fyrir námsgögnum. Hvert stig hefur aðgang að spjaldtölvum og nemendur í 5. – 10. bekk fá Chromebook tölvu til afnota á meðan á skólagöngu þeirra stendur.

Gæsla á skólalóð

Skólaliðar, stuðningsfulltrúar og stjórnendur annast gæslu á skólalóð í frímínútum dagsins og að auki eru stuðningsfulltrúar, skólaliðar, frístundarstarfsmenn og kennarar nemendum til aðstoðar og leiðbeina þeim í matsal í hádegi. Nemendur í 1. og 2. bekk fá fylgd fullorðinna í sund.

Val nemenda

Val nemenda fer mest fram í þemavikum skólans í vetur og á vordögum.

Nemendur í 8. – 10. bekk eru með skerta stundatöflu (36 stundir í stað 37 stunda). Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tímaviðmið taka nemendur Reykhólaskóla þátt í smiðjuhelgum með Grunnskóla Borgarfjarðar tvisvar sinnum á ári. Fyrri helgin er í ár er 17.-18. október og seinni helgin er 17.-18. apríl. Smiðjuhelgarnar eru haldnar á Kleppjárnsreykjum og í Varmalandi. Nemendur vinna í smiðjum frá 14:30 – 19.00 á föstudegi og fá kvöldmat og gista á staðnum. Næturgæsla er í höndum foreldra/kennara en ætlast er til að nemendur gisti á vegum skólans yfir nótt á smiðjuhelgum. Foreldrar þeirra nemenda sem eiga erfitt með að gista að heiman eru hvattir til að gista með nemendum í skólanum með hópnum. Á laugardeginum er unnið frá kl. 09:00 – 14:30. Kennari fylgir nemendum. Stundum er óskað eftir aðstoð foreldra við gæslu og akstur. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum sem þau velja sér sjálf. Skólinn hefur verið í samstarfi við Auðarskóla Búðardal með akstur ef þurfa þykir.

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal nemendafélag í grunnskólum m.a. vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Stjórn nemendafélagsins er skipuð nemendum úr elstu bekkjum skólans. Í Reykhólaskóla eru allir nemendur í 8.-10. bekk í stjórn og sjá um að taka ákvarðanir sem hópur. Verkefni vetrarins eru m.a. að skapa jákvæða viðburði í skólanum. Kjartan Þór Ragnarsson hefur yfirumsjón með nemendafélaginu og Rebekka Eiríksdóttir er með prókúru á reikning nemendafélagsins.

Fjáröflun skólaferðalaga á vegum foreldra og nemenda

Foreldrar nemenda elsta stigs sjá um fjáröflun með nemendum til þess að nemendur komist í vegleg skólaferðalög og er skólastjóri þeim innan handar. Einnig safnast peningur af sölu aðgangsmiða inn fullveldishátíð og árshátíð skólans. Allur peningur sem safnast er lagður inn á reikning nemendafélagsins og sér skólastjóri og Rebekka um fjárútlát. Skólinn greiðir allan starfsmannakostnað og undirbúning hvað varðar skólaferðalögin ásamt einstaka fararkostnaði s.s. rútur. Sjóðurinn sér um að greiða útlagðan kostnað við afþreyingju nemenda og kennara. Nemendur og foreldrar unglingadeildar fjármagna skólaferðalögin sín nánast alfarið sjálf með fjáröflun. Skólaferðalögin sem elstu nemendur fara í eru Danmerkurferð að vori, nemendastýrð ferð og ævintýraferð í Skagafjörði. Ein slík ferð er farin á ári hverju yfir þriggja ára tímabil þannig að allir bekkir fara einu sinni í hverja ferð. Einnig fara nemendur á mið- og elsta stigi í skíðaferð á hverju ári. Söfnunin er þannig háttað að ávallt sé til í sjóður til að kaupa fjáröflunarvörur og ekki þurfi sérstaklega að leggja í meiri vinnu þó ferðin sé dýrari líkt og Danmerkur ferðin er. Nemendur hafa verið með alls kyns fjáraflanir s.s. sala á hreinlætisvörum, dósatalning, pizzadagur ásamt ýmsu öðrum viðburðum eins og bingó og áheitasöfnun.

Íþróttir og sund

Nemendur eiga að mæta með viðeigandi fatnað í íþróttir og sund. Ef nemendur mega ekki vera í íþróttum eða sundi þá verða foreldrar að hafa samband við kennara á Mentor eða hringja í skólann og koma skilaboðum áleiðis.

Viðeigandi fatnaður er þar til gerður íþróttafatnaður sem nemendur mæta með í skólann til að nota í íþróttum. Dæmi um slíkan fatnað eru léttar stuttbuxur og stuttermabolur, langermatreyja, leggingsbuxur eða íþróttabuxur. Nemendur frá 1.-10. bekk verða að eiga innanhússíþróttaskó og hafa með sér í skólann eða geyma í búningsklefa. Slíkir skór eru ekki með svörtum botni sem strika, ekki inniskór eða crocs skór. Til að tryggja öryggi nemenda er ætlast til að allir nemendur séu í skóm á sama tíma, stundum eru æfingar sem nemendur eiga að vera berfættir, en ekki er leyfilegt að vera á sokkaleistunum við íþróttaiðkun. Nemendur mega ekki mæta í íþróttir í þeim fötum sem þau nota í öðru skólastarfi þann daginn. Gert er ráð fyrir að nemendur skipti yfir í íþróttaföt í búningsklefa og gert er ráð fyrir að allir nemendur fari í sturtu á eftir íþróttatíma.

Sömu viðmið gilda í íþrótt- og tómstundastarfi Reykhólahrepps sem fram fer á þriðjudögum og fimmtudögum, þar stunda nemendur á yngsta og miðstig íþróttæfingar innan skólaaksturs á vegum frístundar. Nemendur verða einnig að vera með innanhússíþróttaskó og viðeigandi íþróttafatnað á æfingum á vegum frístundastarfs.

Nemendum ber að fylgja settum reglum íþróttamannvirkis.

Íþróttaföt

- 1.–4. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.
- 5.–7. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.
- 8.–10. bekkur: Mæta með innanhússkó, viðeigandi íþróttaföt og handklæði.

Sund

Íþróttakennarar mælast til þess að stúlkur mæti í sundbolum eða sport bikiní í skólasund og að drengir séu ekki í of stórum eða of síðum sundbuxum. Gott er ef nemendur komi með sundgleraugu líka vegna þess að flest allir nemendur óska eftir að nota sundgleraugu til að vernda augun sín. Sund fellur niður þegar frost er meira en -6°C og mikil vindkæling.

Sund- og íþróttakennarar senda út upplýsingar að hausti til forráðamanna um útbúnað, öryggisreglur og fyrirkomulag til að skerpa því fyrirkomulagi og áherslum sem eru hverju sinni.

Öryggi og velferð barna

Áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla var endurskoðuð á skólaárinu 2017-2018.

Öryggisáætlun Reykhólaskóla í heild sinni byggir á "Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum". 2014, Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Áætlun er hér í heild sinni; [Öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla 2018](#), tími er komin á endurskoðun áætlunarinnar.

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Nemendaverndarráð gegnir hlutverki áfallaráðs skólans. Áfallaáætlun var endurskoðuð haustið 2023 og nær hún utan um m.a. slys, ofbeldi, skilnað foreldra, veikindi og náttúruhamfarir. Hægt er að kynna sér áfallaáætlun skólans [hér](#).

Rýmingaráætlun Reykhólaskóla

Unnin var að rýmingaráætlun fyrir Reykhólaskóla skólaárið 2015 - 2016 um hvernig skuli bregðast við eldsvoða. Þegar hafa verið gerðar miklar endurbætur á útgönguleiðum. Mikilvægt er að rýmingaráætlun verði endurskoðuð skólaárið 2025-2026, þar sem að eldri áætlun er orðin úrelt.

Dagskrá brunaæfinga

Brunaæfing er haldin í samráði við slökkviliðsstjóra þar sem farið er yfir viðbragðsáætlun og líkt eftir raunverulegum bruna. Slökkviliðsstjóri er Skjöldur Orri Skjaldarson/ slokkvilid@dalir.is/s. 899-2621. Hér má finna upplýsingar um [slökkviliðsins](#) á svæðinu.

Í desember er eldvarnardagur á dagskrá í Reykhólaskóla. En þá er kjörið tækifæri að minna á hætturarnar sem leynast víða yfir hátíðirnar en um leið að æfa viðbrögð við bruna í skólanum. Eftir áramót er eldvarnardagur Landssambands slökkviliðsmanna á dagskrá. Stefnt er á að þá mæti fulltrúi slökkviliðsins á svæðinu og fari yfir helstu atriðið sem þarf að hafa í huga þegar kemur að eldvörnum. Brunnaæfing er svo haldin í kjölfarið í Reykhólaskóla þar sem farið er yfir viðbrögð við bruna í skólanum. Mikilvægt er að gera ráð fyrir íþróttamannvirki og mótuneyti þegar brunaæfingar eru. Skjöldur Orri slökkviliðsstjóri skipuleggur eldvarnardag í Reykhólaskóla og sér um brunaæfingu þegar eldvarnardagur Landssambands slökkviliðsmanna er haldinn.

Frístund, tómstundastarf og íþróttir

Í Reykhólahreppi er gott samstarf við frístunda- og tómstundastarfið. Marie-Susann Zeise tómstundafulltrúi Reykhólahrepps ber ábyrgð á starfinu og hægt er að hafa samband við hana á netfangið marie@reykholaskoli.is eða í síma 857-9059.

Yngsta stigið er í frístund á þriðjudögum og fimmtudögum áður en skólabílar fara heim. Eldri nemendur eiga kost á tómstundastarfi og íþróttum að skóla loknum þessa sömu tvo daga.

Dagskrá félagsmiðstöðvarinnar og íþróttæfingar eru sniðin að óskum barna og sjá áhugasöm börn og ungmenni um skipulag og ut anumhald. Félagsmiðstöðvarráð er skipað þeim börnum og unglingum sem hafa áhuga á að taka þátt í mótun dagskrár og er ekki kosið í ráðið sérstaklega.

Starfsáætlun 2025-2026

Opnanir frístundar- og félagsmiðstöðvar:

Opnanir frístundar og félagsmiðstöðvarinnar verða tvisvar í viku og horft verður á samfelldan dag barnsins svo ekki komi gat í dagskrá barnsins yfir daginn. Íþróttæfingar verða haldnar innan félagsmiðstöðva starfsins. Miðstig og unglingastig eru með aðstöðu í félagsmiðstöðinni. Innan dagskrár félagsmiðstöðvar eru vikulegir viðburðir, íþróttastarf ásamt samstarfsverkefna.

Yngsta stig:

Yngsta stig er í frístund tvisvar í viku. Á þriðjudögum og fimmtudögum er frístund eftir hádegi þar til skólabílar fara heim kl. 15:00. Dagskrá frístundar hefst á þriðjudögum kl. 13:10 og á fimmtudögum kl. 12:30. Innan dagskrár frístrundar eru m.a. íþróttaæfingar, leikir, tónlist, list og föndur. Þegar veður er gott verjum við tíma úti í fersku lofti með börnunum í leikjum og útifræðslu.

Miðstig:

Miðstigið er í tómstundastarfi og á íþróttaæfingum tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum frá því skóla lýkur og til klukkan 17:00. Á þriðjudögum er tómstundastarf kl 15:00-17:00 og á fimmtudögum kl 14:00-17:00. Auk skipulagðs tómstundastarfs í hverri viku eru sérstakir viðburðir haldnir yfir skólaárið í tengslum við tómstundastarf sem nemendur geta sótt. Forráðamenn verða upplýstir sérstaklega um sérstaka viðburði tómstundastarfs áður en að þeim kemur.

Unglingastig:

Unglingastig er með opið í félagsmiðstöðinni og á íþróttaæfingum tvisvar í viku á þriðjudögum og fimmtudögum frá því skóla lýkur og til kl. 19:00. Dagskrá félagsmiðstöðvar fyrir unglingastig hefst kl. 15:00 á báðum dögum.

Auk skipulagðrar starfsemi félagsmiðstöðvar í hverri viku eru sérstakir viðburðir haldnir yfir skólaárið sem unglingum stendur til boða að taka þátt í á vegum ýmissa ungmennasamtaka. Margir þessara viðburða í tengslum við starf félagsmiðstöðvar sem nemendur geta sótt fela í sér ferðalög og jafnvel gistingu. Forráðamenn verða upplýstir um þá viðburði sem félagsmiðstöðin tekur þátt í áður en að þeim kemur og sérstaklega óskað eftir samþykki forráðamanna til þátttöku barna þeirra.

Fastir viðburðir unglingastigs:

- Ungmennapeing Vestfjarða – Haldið í september ár hvert.
- Landsmót Samfés – Haldið í byrjun október ár hvert.
- Æskulýðsballið – Haldið í nóvember ár hvert.
- Sam Vest – Haldið í febrúar/mars ár hvert.
- Samfestingurinn – Haldinn í byrjun maí ár hvert.

Íþróttastarf

Íþróttastarf er unnið í samvinnu við ungmennafélagið Aftureldingu. Boðið er upp á fjölbreytta hreyfingu fyrir börn á öllum aldri sem tekur mið að áhugasviði barna.

Með von um jákvætt og uppbyggjandi skólaár
Anna Margrét Tómasdóttir, skólastjóri
Kjartan Þór Ragnarsson, deildarstjóri Reykhólaskóla

Starfsáætlun uppfærð 30.09.2025